

Nd. 253. Frumvarp til laga [140. mál]

um breyting á lögum nr. 18 22. apríl 1959, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

Heimild sú, er Sambandi íslenzkra berklasjúklinga er veitt til að reka vöruhappdrætti samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959, skal gilda til ársloka 1979.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 13 16. marz 1949 var Sambandi íslenzkra berklasjúklinga heimilað að stofnsetja og reka vöruhappdrætti, og gildi heimildin í 10 ár. Var sú heimild framlengd með lögum nr. 18 22. apríl 1959 til ársloka 1969, og voru þá jafnframt sett heildarlög um happdrættið.

Er með frumvarpi þessu lagt til, að heimild Sambands íslenzkra berklasjúklinga til rekstrar vöruhappdrættis verði enn framlengd um 10 ár þ. e. til ársloka 1979.

Ágóða af happdrættinu skal samkvæmt lögnum varið til að greiða stofnkostnað við byggingafrankvæmdir vinnuheimilisins að Reykjalundi, til byggingar og rekstrar vinnustofa fyrir öryrkja og til annarrar félagsmálastarfsemi Sambands íslenzkra berklasjúklinga, sem viðurkennd er af ríkisstjórninni.